

Alþingi  
Erindi nr. P 132/824  
komudagur 13.2.2006



Alþingi  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
101 Reykjavík

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 10.02.2006  
Tilv. 2005/0738 - 0.0.1  
TA

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um faggildingu, þskj. 403 - 361. mál**

Neytendastofa þakkar fyrir beiðni um að veita umsögn um frumvarp til laga um faggildingu, sbr. þskj. 403 - 361. mál.


Neytendastofa fagnar því að sett verði rammalöggjöf um starfsemi faggildingar hér á landi. Frá því að ákvæði komu fyrst í íslensk lög um faggildingu, sbr. IV. kafla laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu hefur orðið mikil þróun í málefnum faggildingarstofa, ekki síst á alþjóðavettvangi. Þessi þróun gerir m.a. kröfur til þess að starfsumgjörð íslensku faggildingarstofunnar sé með þeim hætti að tryggt sé að hún sé faglega og fjárhagslega sjálfstæð og óháð þeim aðilum sem eiga eða kunna að eiga við hana viðskipti. Frumvarp þetta er liður í því að framangreindu markmiði sé náð.

Í 2. tölulið 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um s.n. faggildingargjald. Neytendastofa vill benda á að nauðsynlegt er að bætt verði inn í fyrstu setningu þessa töluliðar orðunum "...á faggildum eða".. og að orðalag í byrjun fyrstu setningar í þessum tölulið verði því þannig: "Faggildingargjald er gjald fyrir mat á faggildum eða tilnefndum aðilum"... o.s.frv.

Þar með er einnig samræmi um þetta atriði milli 2. töluliðar og núverandi orðalags í 3. tölulið 8. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti telur Neytendastofa ekki ástæðu til þess að gera aðrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri